

Miðvikudagurinn 27. júní 2001

167. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 18/2001

**Erindi Allrahanda Ísferða ehf. er varðar
samkeppni Kynnisferða sf. í dagsferðum
fyrir ferðamenn frá Reykjavík samkvæmt áætlun.**

I.

Erindið

1.

Í erindi, dags. 9. nóvember sl., kvarta Allrahanda Ísferðir ehf. (hér eftir Allrahanda), sem starfar á markaðnum dagsferðir fyrir ferðamenn frá Reykjavík skv. áætlun, yfir tiltekinni dagsferð Kynnisferða sf. Óskað er eftir athugun Samkeppnisstofnunar á því hvort þessi ferð Kynnisferða standist samkeppnislög. Ennfremur er þess farið á leit við stofnunina að kannað verði hvort eignaraðild að Kynnisferðum og eignahlutur Kynnisferða í öðrum félögum standist samkeppnislög.

2.

Allrahanda telur Kynnisferðir vera eina samkeppnisaðila sinn á markaðnum dagsferðir frá Reykjavík fyrir ferðamenn. Kvartandi upplýsir að hann hafi starfað á umræddum markaði síðan 1998 og markaðssókn hans og sala í ferðir hafi hér á landi mest farið fram á hótelum. Einnig hafi átt sér stað kynning og sala erlendis. Kvartandi segir Kynnisferðir, sem sé sameignarfélag Flugleiða hf. og nokkurra ferðaskrifstofa, hafa sterka stöðu á markaðnum og eigendur hafi séð sér hag í því að beina viðskiptum sínum til félagsins.

Með erindinu fylgdi ljósrit af auglýsingu Kynnisferða á þeirri ferð sem kvartað er yfir. Um er að ræða sérstakt vetrartilboð frá 1. nóvember 2000 til 30. mars 2001 á ferð að Gullfossi og Geysi sem kostar 3600 kr. og óskað er eftir að Samkeppnisstofnun kanni hvort þessi ferð standist samkeppnislög. Fram kemur að Kynnisferðir hafi um árabíl verið með 8 klst. langa dagsferð að Gullfossi og

Geysi sem hefjist að morgni og kosti kr. 5100, en Allrahanda hafi boðið upp á 6 klst. langa „miðdags hraðferð“ kl.13:00 á kr. 3900. Bent er á að Kynnisferðir hafi auglýst að morgunferðin muni kosta kr. 5400 á næsta ári. Kvartandi álitur tilboðsferð Kynnisferða sérstaklega boðna til að félagið nái til sín farþegum sem annars hefðu farið með Allrahanda. Bendir fyrirtækið bæði á tímasetningu kl. 11:30 og verð ferðarinnar kr. 3600 og hefur uppi efasemdir um að tilgreind tímalengd ferðarinnar, 5 klst., geti staðist. Kvartandi gerir einnig athugasemd við heiti ferðarinnar „THE GOLDEN CIRCLE“ og segir hefð fyrir því að í slíkri ferð sé farið til Þingvalla, Gullfoss og Geysis og bendir á að samkvæmt ferðalýsingu á vetrartilboðinu sé ekki farið til Þingvalla.

Kvartandi segist vita þess dæmi að starfsmenn Kynnisferða hafi beitt starfsfólk hótela þrýstingi til að benda á ferðir félagsins en svar starfsfólks hafi verið á þann veg að tímasetning Allrahanda hentaði ákveðnum hópi betur.

Til stuðnings því að Samkeppnisstofnun kanni eignaraðild að Kynnisferðum og eignahlut félagsins í öðrum fyrirtækjum segir kvartandi m.a. að Kynnisferðir hafi á undanförunum árum fjárfest í tengdum rekstri og þar með styrkt stöðu sína á markaði.

Í lok erindisins kemur fram ósk um að málinu verði hraðað sem mest og ef kostur sé að fá bráðabirgðaúrskurð Samkeppnisstofnunar.

II. Málsmeðferð

1.

Með bréfi, dags. 17. nóvember sl., var Kynnisferðum sent erindi Allrahanda til umsagnar. Svarbréf, dags. 8. desember sl., barst frá LOGOS lögmannsþjónustu, f.h. Kynnisferða.

Í umsögninni kemur fram að Kynnisferðir hafi verið stofnaðar 1968 af fjórum ferðaskrifstofum. Núverandi eigendur séu Flugleiðir hf., Ferðaskrifstofa Íslands hf., Samvinnuferðir-Landsýn hf., Atlantik ferðir ehf. og Ferðaskrifstofa BSÍ ehf. Fallist er á að markaðurinn sem mál þetta varðar sé dagsferðir frá Reykjavík fyrir ferðamenn. Kynnisferðir starfi á þeim markaði.

Um markaðinn segir að fjölbreytileiki ferðamöguleika sé mikill hvað varðar ferðir, þ.e. staði, verð og lengd ferða, farkosti og aðila á markaði og mikil staðgang sé á milli þeirra dagsferða sem í boði eru. Vísað er á bug þeirri fullyrðingu kvartanda að Kynnisferðir séu eini keppinautur Allrahanda. Hið rétta sé að fjölmargir aðilar bítist um viðskipti á þessum markaði og samkeppni á milli þeirra sé mjög hörð. Stór hópur viðskiptavina sé ekki með fyrirfram mótaðar hugmyndir heldur kynni sér ferðamöguleika þegar til landsins er komið t.d. á upplýsingamiðstöðvum fyrir ferðamenn, hótelum og öðrum gististöðum. Atriði eins og t.d. veður hafi áhrif á val ferðamanna.

Kynnisferðir telja að hlutdeild fyrirtækisins á markaðnum dagsferðir frá Reykjavík sé ekki nema brot af heildarmarkaðnum. Jafnvel þó svo að markaðurinn væri eingöngu skilgreindur sem dagsferðir að Gullfossi og Geysi þá séu Kynnisferðir ekki með nema um 10% af þeim markaði. Ennfremur að væri markaðurinn sem um ræðir skilgreindur sem dagsferðir ferðamanna aðeins með langferðabifreiðum sé ljóst að Kynnisferðir eru ekki með markaðsráðandi stöðu.

Vísað er á bug öllum fullyrðingum um að í ljósi samsetningar eigendahóps Kynnisferða njóti félagið sterkrar stöðu á markaðnum. Dagsferðir séu þess eðlis að ekki sé bókað í þær með löngum fyrirvara af hálfu aðila eins og ferðaskrifstofa og því skipti eignarhald þeirra í Kynnisferðum litlu máli. Í því samhengi er bent á að Flugleiðir reki aðeins tvö hótél á höfuðborgarsvæðinu. Einnig segir að Kynnisferðir eigi hvergi ráðandi hlut í fólksflutningafyrirtæki nema Sæferðum ehf., Stykkishólmi, og unnið sé að því að minnka eignarhlut Kynnisferða í því fyrirtæki niður í 30% sem fyrst.

Í umsögn Kynnisferða segir að Austurleið SBS sérhæfi sig í rútuferðum með fasta brottfarartíma eins og Kynnisferðir og Allrahanda. Nefnd eru önnur fyrirtæki sem bjóði upp á dagsferðir fyrir ferðamenn þar á meðal tvö rútuferðir sem hafi fasta brottfarartíma í dagsferðir sínar yfir sumartímenn. Um dagsferðir Kynnisferða og Allrahanda segir að þær séu ávallt opnar, þ.e. brottfarartímar séu fyrirfram ákveðnir og ekki þurfi að panta í ferðirnar. Stór hluti farþega nýti sér það. Í ákveðnar ferðir Kynnisferða þurfi þó tiltekinn lágmarksfjöldi farþega til þess að þær séu farnar. Með umsögn Kynnisferða fylgdi fjöldi bæklinga ýmissa aðila sem sýna ferðamöguleika og samantekt fyrirtækisins á afþreyingarmöguleikum erlendra ferðamanna í dagsferðum frá Reykjavík.

Um athafnir Kynnisferða á markaðnum segir að fyrirtækið hafi „...*ekkert aðhafst á markaðnum sem brýtur í bága við samkeppnislög og sem réttlætt gæti íhlutun samkeppnisyfirvalda, burt séð frá því hvort að félagið teldist vera í markaðsráðandi stöðu eða ekki*“. Tímasetning hinnar tilteknu vetrarferðar að Gullfossi og Geysi sé tilkomin vegna óska viðskiptavina „...*um ferð á þeim tíma sem hægt er að njóta mestrar sólarbirtu í skammdeginu*“. Ferð Kynnisferða sé farin kl. 11:30 og sé 5 tíma löng, en ferð Allrahanda Ísferða kl. 13:00 og 6 tíma löng. Þannig þjóni þessar ferðir ólíkum þörfum ferðamanna. Kynnisferðir segja að ekki sé um neitt undirboð að ræða af hálfu fyrirtækisins varðandi þessa ferð. Vetrarferð Kynnisferða kosti kr. 3.600, en ferð Allrahanda kr. 3.900. Ferð Kynnisferða sé því hlutfallslega dýrari miðað við tímalengd. Fram kemur að sérleyfishafinn, Austurleið SBS, bjóði farþegum upp á leiðsögn af geisladiski á leiðinni Gullfoss, Geysir og stansað sé nægilega lengi fyrir ferðamenn til að litast þar um.

Ennfremur segir í umsögninni að ekki sé verið að blekkja nokkurn mann með hugtakinu „*The Golden Circle*“. Í auglýsingu Kynnisferða komi skýrt fram að ekki sé farið á Þingvelli. Fram kemur að einn af eigendum Kynnisferða hafi fyrstur notað hugtakið og hafi það verið notað af Kynnisferðum frá stofnun félagsins. Jafnframt að Kynnisferðir telji sig hafa fulla heimild til að nota heiti þetta eins og félagið kjósi.

2.

Samkeppnisstofnun sendi með bréfi, dags. 13. desember sl., framangreinda umsögn til kvartanda til athugasemda. Athugasemdir hans bárust stofnuninni með bréfi, dags. 8. janúar sl.

Allrahanda segir ótrúlegt að því sé haldið fram í umsögninni að Kynnisferðir njóti ekki aðstoðar við markaðssetningu og sölu af hálfu eigenda. Kynnisferðir séu með söluskrifstofur á þremur stærstu hótélum landsins, Hótel Loftleiðum, Hótel Esju og Hótel Sögu. Jafnframt sé fyrirtækið með söluskrifstofu í Bankastræti, í sama húsi og Upplýsingamiðstöð ferðamála, og ennfremur í komusal Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli. Þannig njóti fyrirtækið algjörar sérstöðu við að nálgast viðskiptavini. Bent er á að eigendur Kynnisferða, stærstu ferðaskrifstofur á Íslandi og Flugleiðir, séu með upplýsingar um ferðir Kynnisferða í bæklingum sínum sem og heimasíðum. Kvartandi sendir með bréfi sínu afrit af tölvupósti aðila sem samband hafði haft

við Ferðamálaráð og hafi verið vísað á fulltrúa þess í London, sem eru Flugleiðir, varðandi upplýsingar um afþreyingarmöguleika á Íslandi. Í ljósi þessa tölvupósts telur fyrirtækið að Flugleiðir mismuni aðilum og nýti sér aðstöðu sína til að beina viðskiptum til eigin fyrirtækja.

Allrahanda telur að ráða megi af könnun Ferðamálaráðs Íslands, sem gerð hafi verið meðal erlendra ferðamanna á tímabilinu september 1999 til maí 2000, að mikill meirihluti ferðamanna taki ákvörðun um afþreyingu áður en til landsins er komið. Bent er á að í könnuninni komi fram að hjá farþegum sem komi til landsins í s.k. pakkaferð sé dagsferð innifalin hjá 53%. Það er álit Allrahanda að í pakkaferðum til Íslands sé nær eingöngu boðið upp á dagsferðir með Kynnisferðum. Jafnframt segir að Kynnisferðir séu langstærsti aðili í þjónustu við flugfélög sem koma með ferðamenn í dagsferðir til landsins. Fullyrt er að flestir farþegar Kynnisferða séu með ferðabeiðni frá innlendum og erlendum söluaðilum fyrirtækisins og hafi pantað með margra daga fyrirvara. Ekki sé um að ræða s.k. „...*lausatraffík eða hark á hótelum í Reykjavík*“.

Kvartandi ítrekar í athugasemdum sínum það sem segir í erindi hans að starfsfólk á hótelum hafi verið beitt þrýstingi til að vísa ekki á ferðir Allrahanda og vísar m.a. til útvarpsviðtals sl. sumar við trúnaðarmann á einu af hótelum Flugleiða.

Það er mat kvartanda að staðganga sé á milli ferða Allrahanda og Kynnisferða. Aftur á móti séu hópferðir ekki sambærilegar þar sem þær eru m.a. ekki til sölu á frjálsum markaði. Allrahanda telur að ekki sé ástæða til að nefna sérleyfishafann Austurleið SBS þar sem ekki sé um að ræða sambærilega ferð eða þjónustu. Bent er á að sérleyfishafinn búi við önnur rekstrarskilyrði en aðrir á leiðinni. Um þau rútuþyrntæki sem nefnd eru í umsögninni segir að samkvæmt upplýsingum sem fyrirtækið hafi aflað þá stundi þau ekki opnar ferðir að Gullfossi og Geysi. Auglýstar ferðir í bæklingi annars fyrirtækisins séu farnar af Kynnisferðum. Þessi aðili ásamt eigendum Kynnisferða og fleirum sé í raun aðeins söluaðili fyrir Kynnisferðir og fái sölulaun fyrir sinn þátt.

Allrahanda vísar á bug þeirri röksemd í umsögn Kynnisferða að dagsbirta hafi verið höfð að leiðarljósi þegar brottfarartími tiltekinnar ferðar að Gullfossi og Geysi var ákveðinn. Fyrirtækið telur að reynt hafi verið að fara eins nærri brottfarartíma Allrahanda og kostur hafi verið og dagsbirta sé notuð sem átylla

í umsögninni. Bent er á heimasíðu Raunvísindadeildar Háskóla Íslands þar sem lesa megji allt um dagsbirtu á Íslandi. Allrahanda ítrekar að sagt hafi verið ósatt hvað varðar ferðatíma í umræddri ferð. Fyrirtækið segist hafa fengið það staðfest að ferðatíminn sé lengri en 5 tímar, í flestum tilfellum 6 tímar.

Allrahanda dregur í efa að einn að stofnendum Kynnisferða, Ferðaskrifstofa ríkisins hafi átt frumkvæðið að því að kalla ferð að Þingvöllum, Gullfossi og Geysi „*Gullnahrínginn*“. Fyrirtækið telur að þó það sé rétt gefi það ekki öðrum rétt til að rangtúlka ferðahugmyndina. Um það sem fram kemur í umsögninni um auglýsingu Kynnisferða á ferðinni að Gullfossi og Geysi, „...að skýrt sé tekið fram í auglýsingu Kynnisferða að ekki sé farið um Þingvelli í umræddri ferð“, segir í athugasemdum Allrahanda að hið rétta sé „...að ekkert kemur fram um það heldur má ráða af fyrirsögn auglýsingarinnar að farið sé um Þingvelli þar sem auglýst er "*The Golden Circle*" og það er hefð fyrir því að þá sé um að ræða Gullfoss Geysir Þingvelli, að sleppa Þingvöllum með svona auglýsingu er ekkert annað en svik við farþegann því í mörgum ferðalýsingum og fagtímaritum þar sem, fjallað er um ferðamál á Íslandi er talað um "*The Golden Circle*" sem leiðin Gullfoss Geysir, Þingvellir, réttsælis eða rangsælis. Misnotkun á þessu skaðar íslenska ferðaþjónustu og rýrir trúverðugleika hennar“.

Allrahanda leggja í bréfi sínu áherslu á eftirfarandi:

- a. *Kynnisferðir sf., eru að tímasetja sína ferð „The Golden Circle Direct“ beinlínis til höfuðs dagsferðum Allrahanda Ísferða ehf.*
- b. *Þá eru Kynnisferðir sf., með röngum upplýsingum um tímalengd ferðar og villandi notkun á „The Golden Circle“ að skaða íslenska ferðamennsku á grundvelli skammtíma sjónarmiða.*
- c. *Hér er greinilega um undirboð að ræða.*
- d. *Á grundvelli markaðsyfírráða eigenda Kynnisferða sf., og Kynnisferða sf., er hér um skýrt brot á samkeppnislögum að ræða. Í því sambandi er vísað til Ákvörðunar Samkeppnisstofnunar nr. 1/1997 Yfirtaka Flugleiða hf. á Ferðaskrifstofu Íslands hf., og til Úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála á máli nr. 7/1999 Flugfélag Íslands hf. gegn samkeppnisráði“.*

Með vísan til fyrrgreindra raka kemur í lok bréfsins fram ósk um að tekin verði bráðabirgðaákvörðun sem banni ferð Kynnisferða kl. 11:30 að Gullfossi og

Geysi. Jafnframt að í framhaldi af því verði eignarhald Kynnisferða og kaup félagsins í öðrum félögum könnuð með tilliti til brota á samkomulagi Samkeppnisstofnunar og Flugleiða sbr. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 1/1997 („*Yfirtaka Flugleiða hf. á Ferðaskrifstofu Íslands hf.*“) o.fl.

3.

Með bréfi, dags. 10. janúar sl., til Allrahanda tilkynnti Samkeppnisstofnun að stofnunin teldi ekki skilyrði til þess að taka bráðabirgðaákvörðun skv. 8. gr. samkeppnislaga. Jafnframt kom fram að málinu yrði hraðað eins og unnt væri.

4.

Allrahanda sendu Samkeppnisstofnun nokkrar viðbótarupplýsingar vegna erindisins. Þar á meðal er tölvupóstur frá 22. janúar sl. Þar bendir fyrirtækið á að út sé kominn bæklingur Kynnisferða fyrir árið 2001. Í bæklingnum sé umrædd ferð að Gullfossi og Geysi kl. 11:30 færð í nýjan búning. Í þessu sambandi nefnir fyrirtækið nokkur atriði. Svo virðist sem Austurleið SBS, fyrirtæki sem Kynnisferðir eru hluthafi í, fari umrædda ferð. „*The Golden Circle*“ sem heiti ferðarinnar sé tekið út úr auglýsingunni. Tímalengd ferðar er í bæklingnum sögð 5-6 klst. í stað 5 klst. Skálholti er sleppt í nýju ferðalýsingunni. Rök lögmanns Kynnisferða fyrir tímasetningu þ.e. kl. 11:30 vegna óska viðskiptavina um ferð þegar dagsbirta er sem mest virðist að engu höfð þar sem nú sé ferðin ekki aðeins vetrarferð heldur auglýst sem ferð allt árið. Verðið á ferðinni sé nú kr. 3900 í stað kr. 3600. Allrahanda telja að með ofangreindum breytingum séu Kynnisferðir að reyna að komast hjá aðfinnslum Samkeppnisstofnunar og styðji þessar breytingar þau sjónarmið Allrahanda sem þegar hafi fram komið um undirverðlagningu o.fl.

Í öðrum tölvupósti þann 22. janúar sl., skýra Allrahanda frá því að framkvæmdastjóri Austurleiða SBS hafi upplýst að Kynnisferðir muni sjá um umrædda ferð að Gullfossi og Geysi fram á vor en þá taki Austurleið SBS við akstrinum.

5.

Með bréfi, dags. 24. janúar sl., sendi Samkeppnisstofnun bréf Allrahanda, dags. 8. janúar sl., ásamt fylgiskj., og öllum viðbótarupplýsingum frá fyrirtækinu sem stofnuninni höfðu borist til Kynnisferða og óskaði eftir athugasemdum um fyrrnefnd gögn ásamt ákveðnum upplýsingum um starfsemi fyrirtækisins. Einnig upplýsti Samkeppnisstofnun að fjallað yrði um erindi Allrahanda Ísferða

í tvennu lagi. Í fyrsta lagi yrði fjallað um dagsferðir að Gullfossi og Geysi og í öðru lagi um eignaraðild að Kynnisferðum.

Svarbréf, dags. 6. febrúar sl., barst frá Kynnisferðum. Í bérinu kemur fram að það fjalli einungis um þann hluta erindis Allrahanda er snýr að ferðum að Gullfossi og Geysi.

Í bréfinu eru upplýsingar um fjölda farþega í öllum dagsferðum Kynnisferða árin 1999 og 2000 og einnig fyrir tímabilið 1. nóvember 1999 til 1. mars 2000. Ekki er um sundurliðun að ræða eftir því hvort ferð er farin samkvæmt fyrirfram auglýstri tímaáætlun eða hópferð til sömu staða. Óskað er eftir trúnaði vegna veittra upplýsinga um fjölda farþega. Um ferðalýsingar, tímalengd og verð er vísað til bæklinga fyrirtækisins sem Samkeppnisstofnun hafi borist.

Með bréfinu fylgir nýr bæklingur Kynnisferða fyrir árið 2001. Um bæklinginn segir „...en þar er að mestu leyti um að ræða sömu ferðir og boðið var upp á á árunum 1999-2000. Þar kemur fram á bls. 19 að ferðin Gullfoss-Geysir direct sé 5-6 tíma ferð og að brottfarartími sé eins og verið hefur kl. 11.30. Verð ferðarinnar hefur nú hækkað frá því sem verið hefur í kr. 3.900“.

Bent er á að ferðamenn fái vitneskju um ferðir Kynnisferða með ýmsum hætti. Kynnisferðir dreifi bæklingum á hótél og gististaði hér á landi og kynni starfsemi sína á netinu. Einnig kynni opinberir aðilar starfsemi fyrirtækisins jafnt sem starfsemi annarra. Söluskrifstofur fyrirtækisins í Reykjavík yfir sumarið séu fjórar en annars tvær. Í bréfinu er ítrekað að stærsti hópur viðskiptavina Kynnisferða séu erlendir ferðamenn sem ekki hafi bókað ferðir fyrirfram og selt sé í meira en helming allra ferða fyrirtækisins hér á landi. Fyrirtækið taki einnig að sér skipulagningu ferða ákveðinna hópa fyrir t.d. erlendar ferðaskrifstofur og þá sé oft um að ræða ferðir með sama hætti og auglýstar eru í bæklingi. Bent er á að þjónusta við farþega skemmtiferðaskipa sé hluti af starfsemi fyrirtækisins. Bæði sé um það að ræða að farþegar taki sér far í auglýstum ferðum fyrirtækisins og að leigðar séu rútur til hópa af skemmtiferðaskipum.

Ítrekað er að um fjölda aðila sé að ræða sem keppi um þá ferðamenn sem fara vilji í dagsferðir. Vitneskju um afþreyingarmöguleika fái ferðamenn með ýmsum hætti og sumir bóki fyrirfram en aðrir eftir að til landsins sé komið.

Verð á ferðum hafi einna mest áhrif á val á dagsferðum og afþreyingarmöguleikum. Bent er á að Kynnisferðir séu í mikilli samkeppni við þá sem leigja út rútur eða annars konar farartæki með eða án leiðsögumanns þar sem mun ódýrara sé fyrir t.d. litla hópa að velja annan ferðamáta en með Kynnisferðum.

Kynnisferðir segja að giskað hafi verið á að um 200.000 erlendir ferðamenn fari að Gullfossi og Geysi á ári. Meirihluti þeirra kaupir ferð hér á landi og það sé sá „...markaður sem Kynnisferðir og Allrahanda auk fjölda annarra aðila keppa á, burtséð frá því hvort að skipulögð sé ferð sérstaklega fyrir ákveðinn hóp ferðamanna eða ekið samkvæmt fyrirfram ákveðnum tímasetningum“. Upplýst er að Kynnisferðir séu með um (10%) af heildarmarkaðnum. Sagt er að Kynnisferðir séu langt frá að vera markaðsráðandi og telji fyrirtækið sér frjálst að haga markaðssetningu, verði, tímasetningu, o.s.frv., á þann hátt sem það telji vænlegast í samkeppni. Jafnframt segir að jafnvel þó svo að staðan á markaðnum væri önnur og Kynnisferðir í markaðsráðandi stöðu þá hafi félagið ekki aðhafst neitt sem talist geti til misnotkunar á slíkri stöðu .

Ennfremur segir „...Gullfoss-Geysir direct, er ferð sem rekin hefur verið með hagnaði af félaginu, hefur félagið því fengið bæði fastan og breytilegan kostnað sinn af ferðinni“. Ekki hafi verið um nein undirboð að ræða af hálfu félagsins og miðað við lengd ferðar sé hún hlutfallslega dýrari en ferð kvartanda. Varðandi breytingu á tímalengd ferðar segir að í upphafi hafi ferðin verið tímamæld og tekið 5 tíma en komið hafi í ljós að ef um mjög stóra hópa sé að ræða þá geti hún varað lengur og því sé í bæklingi fyrirtækisins fyrir 2001 sagt að ferðin taki 5-6 tíma.

6.

Samkeppnisstofnun óskaði eftir frekar upplýsingum um starfsemi málsaðila.

Meðal þess sem segir í bréfi Allrahanda frá 25. mars sl., og varðar miðdegisferð Kynnisferða að Gullfoss og Geysi er að „...í sérleyfisferðum Kynnisferða sf. frá flugstöð Leifs Eiríkssonar er dreift einblöðungum til að auglýsa þessa ferð sérstaklega. Það er einkum gert í ferðum tengdum morgunflugi frá Ameríku. Þarna hafa Kynnisferðir sf. algjöra einokunar aðstöðu til að koma sér á framfæri við ferðamennina í skjóli sérleyfis frá samgönguráðuneytinu“. Jafnframt segir í sama bréfi: „Kynnisferðir sf. hafa aðstöðu í komusal flugstöðvar Leifs Eiríkssonar til að kynna sína starfsemi.

Allrahanda óskaði eftir því með bréfi dagsettu 26. janúar sl. til flugstöðvar Leifs Eiríkssonar að fá á leigu aðstöðu til að kynna sýna starfsemi í komusal flugstöðvarinnar en beiðninni var hafnað af stjórnendum flugstöðvarinnar með bréfi dags. 21. mars. sl.“.

Meðal þess sem fram kemur í bréfi Kynnisferða, dags. 9 apríl sl., er tímaáætlun vegna miðdegisferðar að Gullfossi og Geysi. Miðast áætlunin við 5 klst. ferð. Fyrirtækið hafði áður bent á að nú sé auglýst að ferðin taki 5-6 klst. til að taka fyrir misskilning vegna tafa sem orðið geti ef um stóra hópa er að ræða.

Samkeppnisstofnun barst í lok apríl dreifiblað um ferðir flugrúttunnar, sem Kynnisferðir hafa á sérleyfi. Í dreifiblaðinu auglýsa Kynnisferðir m.a. tilboðsferðina Gullfoss-Geysir Direct. Þar sem um er að ræða sömu ferð og vetrartilboðsferð Kynnisferða óskaði Samkeppnisstofnun eftir nánari upplýsingum.

Kynnisferðir upplýstu í bréfi, dags. 8. maí sl., að um væri að ræða tímabundið tilboð á ferðinni Gullfoss-Geysir direct á kr. 3600, en fullt verð er kr. 3900. Kynnisferðir telja enn fremur að tilboðsverð þeirra kr. 3600 geti „...aldrei talist undirboð við tilboð annarra fyrirtækja s.s. Allrahanda Ísferða ehf. á ferðum á þessa áfangastaði, enda um styttri ferð að ræða auk þess sem að hún er farin á öðrum tímum dagsins“.

III. Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 27. júní 2001, var ákvörðun tekin í máli þessu. Þátt í fundinum tóku Brynjólfur Sigurðsson, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Sigurbjörn Magnússon.

1.

Mál það sem hér er til umfjöllunar varðar kvörtun Allrahanda Ísferða (Allrahanda) yfir tilteknu ferðatilboði Kynnisferða. Kvartandi óskar þess að kannað verði hvort auglýstar ferðir Kynnisferða að Gullfossi og Geysi samkvæmt vetrartilboði standist samkeppnislög. Allrahanda telur að ferðatilboð Kynnisferða sé skaðlegt samkeppni á þeim markaði sem ferðirnar tilheyri. Á

honum séu Kynnisferðir markaðsráðandi. Kynnisferðir hafi um langan tíma boðið átta klukkustunda langa ferð að Gullfossi og Geysi sem hefst að morgni og kostaði 5.100 kr. á árinu 2000. Allrahandi hafi boðið sex klukkustunda ferð að Gullfossi og Geysi sem hefjist kl. 13:00 og kostaði 3.900 kr. á árinu 2000. Í nóvember 2000 hafi Kynnisferðir auglýst vetrartilboð á leiðinni Gullfoss og Geysir á tímabilinu 1. nóvember 2000 til 30. mars 2001. Brottför frá Reykjavík sé kl. 11:30, ferðatími sé sagður fimm klst. og verðið 3.600 kr. Með þessu ferðatilboði telur Allrahandi að Kynnisferðir séu að brjóta á sér samkeppnislega, bæði með tímasetningu ferða og verðlagningu. Auk þess standist tímalengd ferðanna ekki og heiti þeirra „The Golden Circle Direct“ sé villandi þar eð það heiti sé notað um ferðina Gullfoss-Geysi-Þingvelli.

Kynnisferðir segja að markaðurinn sem mál þetta tengist sé dagsferðir frá Reykjavík fyrir ferðamenn. Margir ferðamöguleikar séu í boði sem staðganga sé á milli og margir keppinautar séu á markaðnum. Hlutdeild fyrirtækisins sé ekki nema brot af þeim markaði sem um ræði jafnvel þótt hann væri skilgreindur sem dagsferðir að Gullfossi og Geysi. Þess utan hafi Kynnisferðir ekkert aðhafst sem réttlætt geti íhlutun samkeppnisyrvalda.

2.

Samkvæmt 11. gr. samkeppnislaga er misnotkun fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu bönnuð og samkvæmt 17. gr. laganna getur samkeppnisráð gripið til aðgerða gegn aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Áður en til álita kemur hvort ástæða sé til að beita umræddum lagaákvæðum þarf að skilgreina markaðinn sem um er að tefla og meta stöðu fyrirtækja á honum.

Hagfræðileg rök leiða til þess að skilgreina verður viðkomandi markað á tvennan hátt, í fyrsta lagi vöru- eða þjónustumarkaðinn og í öðru lagi landfræðilega markaðinn. Einnig er unnt að meta markaðinn út frá tíma, þ.e. hvort framboð eða eftirspurn á markaðnum er háð mismunandi tíma eða tekur mið af honum. Það sem ræður úrslitum um það hvort mismunandi tegundir vöru eða þjónustu tilheyri sama vöru- eða þjónustumarkaði er innbyrðis staðganga þeirra. Til að meta staðgöngu verður m.a. að hafa hliðsjón af eiginleikum vöru eða þjónustu, til hvaða nota hún er ætluð og hvert verð hennar er.

Í máli þessu hefur komið fram að bæði kvartandi og Kynnisferðir telja sig starfa á markaðnum dagsferðir frá Reykjavík fyrir ferðamenn. Allrahandi telja

aðeins vera um staðgöngu að ræða milli dagsferða fyrirtækisins og dagsferða Kynnisferða og til markaðarins sem máli skipti teljist aðeins ferðir samkvæmt áætlun sem til sölu séu á frjálsum markaði, en ekki lokaðar hópferðir. Því sé aðeins um samkeppni að ræða milli Allrahanda og Kynnisferða sem séu einu fyrirtækin sem uppfylli umrædd skilyrði. Kynnisferðir segja að fjölbreytileiki ferðamöguleika sé mikill hvað varðar ferðir, bæði er lúti að áfangastöðum, verði og lengd ferða, farkostum og fyrirtækjum á markaðnum. Staðganga sé því mikil milli þeirra dagsferða sem í boði eru.

Af ferðabæklingum sem aflað hefur verið í tengslum við mál þetta má sjá að fjöldinn allur af fjölbreytilegum dagsferðum er í boði út frá Reykjavík, sérstaklega yfir sumartímann. Á árinu 2000 kostuðu ferðirnar allt frá 2.000 kr. upp í 12.600 kr. og lengd þeirra var frá tveimur til rúmlega tólf klst.

Samkeppnisráð telur að hópferðir tilheyri ekki þeim markaði sem mál þetta varðar. Hópferðir eru ekki opnar hverjum sem er og ekki farnar reglubundið samkvæmt fyrirfram kynntri áætlun. Þá telur samkeppnisráð að ferðir sérleyfishafa séu heldur ekki á þeim markaði sem hér um ræðir. Slíkar ferðir fela í sér aðra og minni þjónustu en hinar sk. dagsferðir fyrir ferðamenn. Þó að unnt sé að komast á sömu áfangastaði með sérleyfisbifreiðum og boðið er upp á í dagsferðum þá eru ekki leiðsögumenn í þeim fyrrnefndu auk þess sem stansað er á mörgum stöðum til að taka við eða hleypa út farþegum. Ekki verður talið að staðganga sé á milli ferða sérleyfishafa og dagsferða fyrir ferðamenn enda þjóni sérleyfisferðir ekki hefðbundnum þörfum ferðamanna á sama hátt og sk. dagsferðir. Þá telur samkeppnisráð að dagsferðir sem tengja ferðir með langferðabifreiðum við tiltekna athafnasemi og hreyfingu ferðamanna, s.s. útreiðarferðir, jöklaferðir og sundferðir séu ekki á sama markaði í þessu máli og dagsferðir með langferðabifreiðum eingöngu.

Ferðir frá Reykjavík að Gullfossi og Geysi hafa verið í boði sem dagsferðir fyrir ferðamenn um áratuga skeið. Ætla má að þær njóti nokkurrar sérstöðu hvað kynningu áhrærir. Erlendum ferðamönnum sem koma með skemmtiferðaskipum til Reykjavíkur eru nær ávallt boðnar slíkar ferðir og þegar það tíðkaðist meira að ferðamenn með íslenskum flugfélögum á leið yfir Atlantshafið höfðu skamma viðdvöl á Íslandi voru skipulagðar ferðir fyrir þá að Gullfossi og Geysi. Ferðir að Gullfossi og Geysi eru og langvinsælustu dagsferðir bæði Kynnisferða og Allrahanda. Að mati samkeppnisráðs er því unnt að færa fyrir því sterk rök að dagsferðir að Gullfossi og Geysi séu

sérstakur þjónustumarkaður í samkeppnislegu tilliti. Náttúrufrirbrigðin Gullfoss og Geysir hafi slíka sérstöðu og séu svo þekkt hjá ferðamönnum að ekki sé eftirspurnarstaðganga á milli þeirra og annarra áfangastaða í dagsferðum. Það er því niðurstaða samkeppnisráðs að þjónustu- og landfræðilegi markaðurinn í þessu máli sé dagsferðir samkvæmt fyrirfram kynntri áætlun með langferðabifreiðum frá Reykjavík að Gullfossi og Geysi.

3.

Allrahanda og Kynnisferðir eru einu fyrirtækin sem bjóða ferðir á hinum skilgreinda markaði. Ferðir sem í boði eru að Gullfossi og Geysi og deilt er um í þessu máli eru farnar samkvæmt áætlun og taka 5-6 klst. Verð þeirra er annars vegar 3.600 og hins vegar 3.900 kr. Einnig eru boðnar ferðir á umrædda áfangastaði með viðkomu á Þingvöllum sem kosta 5.400 kr. og taka átta klst. og ferðir sem kosta 4.900 kr. og taka 9,5 klst. Loks eru ferðir með viðkomu í Bláa lóninu og í tengslum við hestaferð. Þessar ferðir taka 9-10,5 klst. og kosta 5.900-6.900 kr. Að mati samkeppnisráðs falla hinar tvær síðastnefndu ferðir ekki undir hinn skilgreinda markað. Þó að verðið á hinum lengri ferðum sé um 35-50% hærra en á styttri ferðunum telur samkeppnisráð ekki ástæðu til annars en að ferðirnar séu allar á sama markaði. Þannig telur ráðið líklegt að þeir farþegar sem nú fara í lengri ferðina færu í þær ferðir sem taka skemmri tíma ef hinar væru ekki farnar. Á sama hátt megi telja líklegt að þeir farþegar sem nú fara í skemmri ferðirnar færu flestir í þær lengri ef hinar væru ekki farnar.

Fyrirtæki er markaðsráðandi á markaði þegar það hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og getur að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta eða viðskiptavina. Markaðshlutdeild fyrirtækis er talin mikilvæg vísibending um markaðsyfirráð.

Tölulegar trúnaðarupplýsingar málsaðila um farþegafjölda í sk. opnum ferðum að Gullfossi og Geysi, þ.e. ferðum sem standa öllum ferðamönnum til boða, koma fram í eftirfarandi töflu:

	Brottfarartími	Fjöldi farþega árið 1999	Fjöldi farþega árið 2000
Allrahanda¹	08:30	[...] ³	[...]
Kynnisferðir	09:00	[...]	[...]
Kynnisferðir²	11:30		[...]
Allrahanda	13:00		[...]

Ef miðað er við þann farþegafjölda sem fram kemur í töflunni voru Kynnisferðir með um 71% þeirra ferðamanna sem fóru í sk. opnar ferðir að Gullfossi og Geysi á árinu 2000.

Kynnisferðir er sameignarfélag í eigu Flugleiða og nokkurra af stærstu ferðaskrifstofum landsins. Sé tekið tillit til þess og félagsforms rekstrarins, ásamt með áætlaðri markaðshlutdeild Kynnisferða á hinum skilgreinda markaði, er það mat samkeppnisráðs að fyrirtækið sé í ráðandi stöðu á markaðnum í skilningi samkeppnislaga.

4.

Allrahanda gerir athugasemdir við tímasetningu þeirrar ferðar að Gullfossi og Geysi sem Kynnisferðir hófu að bjóða 1. nóvember sl. Einnig eru gerðar athugasemdir við verð ferðarinnar. Þetta sé hvort tveggja gert til að ná farþegum frá Allrahanda og feli í sér misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Þá er gerð athugasemd við auglýsta tímalengd ferðarinnar sem sögð sé taka fimm klst. en það fái ekki staðist. Loks er kvartað yfir því að heiti ferðarinnar „*The Golden Circle*“ sé misvísandi þar eð umrætt heiti sé samkvæmt hefð notað yfir ferðir frá Reykjavík að Gullfossi og Geysi og til Þingvalla.

Kynnisferðir hafna því að fyrirtækið hafi brotið samkeppnislög með því að bjóða upp á hina umdeildu ferð. Tímasetningin sé eðlileg aðlögun að birtu o.fl. og verðlagningin á ferðinni skili fyrirtækinu hagnaði. Viðurkennt er að í ljós hafi komið að ferðin taki 5-6 klst. þegar margir farþegar séu í henni. Ekkert sé við það að athuga að nota heitið „*The Golden Circle*“. Einn af eigendum Kynnisferða hafi fyrstur notað það heiti og skýrt komi fram í kynningu að ekki sé farið um Þingvelli.

¹ Upplýsingar um farþegafjölda miðast við vikur 30-35 árin 1999 og 2000.

² Ferðir í boði frá 1. nóv. 2000.

³ Fellt út vegna trúnaðar

Á meðan á málsmeðferð stóð kom út kynningarbæklingur með ferðum Kynnisferða á árinu 2001. Þar er umrædd ferð nefnd „*Gullfoss-Geysir Direct*“. Skálholt er ekki lengur viðkomustaður í ferðinni. Kynnt er að ferðin taki 5-6 klst. og verð hennar sé 3.900 kr. Auk ofangreinds kynningarbæklingu gáfu Kynnisferðir út smábæklinginn „*Welcome to Iceland*“ þar sem fyrirtækið og flugrútan eru kynnt. Þar er þeim sem framvísa bæklingnum við pöntun ferðar „*Gullfoss-Geysir direct*“ boðnar ferðir á 3.600 kr. í stað 3.900 kr.

Ljóst er að bæði Kynnisferðir og Allrahanda reyna að höfða til sama markhóps með boði á ferðum fyrir ferðamenn frá Reykjavík að Gullfossi og Geysi. Lengi hefur tíðkast að bjóða upp á slíkar ferðir með viðkomu á Þingvöllum. Þær ferðir hefjast að morgni og hafa tekið 8-9.5 klst. Á árinu 1998 hóf Allrahanda að bjóða ferðir sem taka sex klst. og hefjast kl. 13:00. Í styttri ferðum Allrahanda hefur verið farið til Þingvalla yfir sumarið og fram á vetur. Fyrirtækið telur það brot á samkeppnislögum að Kynnisferðir sem ráðandi fyrirtæki bjóði sambærilegar ferðir sem hefjast kl. 11:30. Þó að sú skylda hvíli á markaðsráðandi fyrirtæki að sýna varkárni í samkeppni þannig að hún skaðist ekki verður ekki talið að ráðandi staða komi í veg fyrir að fyrirtæki hafi ákveðinn hreyfanleika á markaði. Tilraun til að taka upp nýja tímaáætlun til að koma til móts við breytilegar kröfur markaðarins verður ekki talin fela í sér skaðlega háttsemi nema færa megi rök fyrir því að hún sé gerð til að koma keppinaut af markaðnum. Samkeppnisráð fellst ekki á það með kvartanda að tímasetning ferðar Kynnisferða kl. 11:30 sé til þess fallin að hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Sú ferð hefst fyrir hádegi en ferð kvartanda eftir hádegi. Það eitt leiðir að mati samkeppnisráðs rök fyrir því að ferð Kynnisferða er ekki sett „*ofan í ferð Allrahanda*“ og verði ekki talin skaðleg í skilningi samkeppnislaga.

Kynnisferðir kveða verðlagninguna á vetrartilboðsferð fyrirtækisins ekki fela í sér undirverðlagningu. Fyrirtækið hafi fengið bæði fastan og breytilegan kostnað af ferðinni sem rekin hafi verið með hagnaði. Í gögnum frá Kynnisferðum sem taka til tímabilsins 28. maí til 21. júní sl. kemur fram að nokkur hagnaður hafi verið af umræddri ferð, þ.e. framlegð upp í sameiginlegan kostnað og hagnað. Í skýringum frá félaginu segir að óvenju fáir farþegar hafi farið í umræddar ferðir á þessu tiltekna tímabili þannig að hagnaður af þeim hafi verið meiri sl. vetur. Eftir að vetrartilboðinu sem mál þetta fjallar um lauk hefur eins og áður segir samkvæmt kynningarbæklingi verið farin sambærileg ferð hjá Kynnisferðum sem kostar 3.900 kr. Það er sama

verð og á eftirmiðdagsferð Allrahanda. Verð ferðar Kynnisferða samkvæmt vetrartilboðinu var 720 kr. á klst. en þar sem ferðin gat tekið 5-6 klst. í stað fimm hefur verðið verið á bilinu 600-720 kr. á klst. Verð Allrahanda í eftirmiðdagsferðum að Gullfossi og Geysi hefur verið 650 kr. á klst. Lengri ferðir Allrahanda kostuðu sumarið 2000 um 580 kr. á klst. og ferðir Kynnisferða um 640 kr. Samkvæmt bæklingum fyrirtækjanna sem gilda sumarið 2001 kosta lengri ferðir Allrahanda um 516 kr. á klst. og Kynnisferða 675 kr. á klst. Samkeppnisráð telur að þessar upplýsingar um verð einstakra ferða og upplýsingar Kynnisferða um afkomuna af ferðunum sýni að ekki sé ástæða til að ætla að verðlagning Kynnisferða á þeirri ferð sem hér er til umfjöllunar feli í sér skaðlega undirverðlagningu í skilningi samkeppnislaga.

Með vísan til alls sem rakið hefur verið verður ekki talið að efni séu til íhlutunar í þessu máli.

Rétt þykir að ítreka að um þann hluta í erindi Allrahanda sem varðar hugsanleg samkeppnisleg áhrif eignarhalds í Kynnisferðum og hvort kynning og sölustarfsemi fyrirtækisins í tengslum við landkynningu sem m.a. er stunduð af opinberum aðilum fer í bága við samkeppnislög verður fjallað sérstaklega í öðru máli.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er talin ástæða til íhlutunar vegna máls þessa.“

